

## Parfaggreining maí 2024 – öll félög og deildir

Forgangsröðun tekin út úr textanum og iðkendatölur uppfærðar frá jan 2023 ásamt nokkrum öðrum atriðum

Deild/félag	Aðstaða sem er nú þegar til og deildin/félagið er að nota	Það sem væri frábært að hafa "nice to have"	Það sem er alveg nauðsynlegt "need to have"	Fjöldi iðkenda/þar af börn
<b>Markmiðið með þessu skjali er að safna saman í eitt skjal þörfum sem eru í byrjun árs 2023</b>				
<b>Blakdeild Sindra</b>	Einn löglegur blakvöllur í íþróttahúsi Hægt að hafa tvo en þá eru þeir ólöglegir Öll áhöld.	Hús með... 3-4 löglega velli til mótahalds í t.d neðri deildum á Íslandsmóti	Hús með þremur lögegum völlum	<b>55</b> 20 grunnskóla
<b>Badmintondeild Sindra</b>	Íþróttahús með 4 löglega keppnisvelli. Öll áhöld.	.	Nauðsynlegt að hugsað sé fyrir ef gluggar eru settir að sól komi ekki inn og að iðkendur sjái ekki flugu fyrir sólu :)	<b>11/</b> 0 grunnskóla
<b>Fimleikadeild Sindra</b>	Deilir aðstöðu utan bæjarmarka með sviðslistum, Ungmennafélaginu Mána og Kvennfélaginu Vaka. Iðkendur þurfa að vera fluttir til iðkun sinnar með rútu. Skammtímalausn sem hefur nú verið viðloðandi síðurstu 7-8 ár.	Uppfærð tæki greidd af sveitarfélaginu líkt og er í öðrum sveitarfélögum, þegar á við.	Fimleikahús á Höfn, með niðurgrafni gryfju, stillanlega hlussu, geymslu fyrir áhöld. Aðstaða þar sem öll áhöld geta staðið, uppsettur salur. Atrennubraut með viðeigandi lengd og dansgólf (nægilegt pláss fyrir gólfæfingar, dans). Aðstaða fyrir þjálfara.	<b>133/</b> 52 grunnskóla 81 leikskóla
<b>Frjálsíþróttadeild Sindra</b>	Báran, Tartanbraut við íþróttavöllinn og íþróttahús.	Innanhús tartanbraut og frjálsíþróttastöðu innan dyra. Upphíttuð tartanbraut utandyra.	Tartanbraut sem nýtist hlaupahópnum, eldri borgurum sem og yngri iðkendum mjög vel fyrir gæðaæfingar. Aðstaða innanhúss til að teygja og gera styrkaræfingar.	<b>48/</b> 4 grunnskóla

			Aðgang að líkamsrækt. Upphítuð áhaldageymsla aðgengileg að utanverðu.	
<b>Knattspyrnudeild Sindra</b>	Báran, Mánagarður, Sindravellir. Ónýtur grasvöllur, ónýtt æfingarsvæði, sæmilegt æfingarsvæði fyrir yngriflokka. Gamlir gámar sem leka eru nýttir sem sjoppa, áhaldageymsla og vallargámur.	Vantar klósett, áhaldageymslu, aðstöðu fyrir þjálfara, þurrklefar búningsaðstaða. Gervigrasvöllur er algjörlega nauðsynlegur, þá losum við um pressu á æfingarsvæði. Fljóðljós, snjóbræðslukerfi, vökvunarkerfi. Stúka við völl, hvort sem er tengd við íþróttahús eða frístandandi. Nauðsynlegt er að hafa varamannaskýli, salernisaðstaða, aðstaða fyrir veitingasölu, Töflufundaherbergi með netaðgangi, aðstaða fyrir kynni, fyrir dómara, áhaldageymslu og búningsklefar.	Klósett, áhaldageymsla, aðstoða fyrir þjálfara. Gervisgras. Stúka sem tekur 500 manns í sæti. Búningsklefa nær vellinum, þvottahús. Keppnisklukka LED. Búningsklefa og salerni fyrir iðkendur Bárunnar. Sér aðstaða fyrir dómara, dómarahebergi með sturtu, salerni og skápum sem hægt er að læsa. Sjúkraþjálfara aðstaða/herbergi. Aðstaða fyrir fjölmiðla net/sjónvarpsútsendingar í stúku og kynnir leikja. Þurrklefar.	<b>144</b> 116 grunnskóla 0 leikskóla 15 (17-20) 16 (20 +)
<b>Körfuboltadeild Sindra</b>	Íþróttahús með keppnisvelli á undanþágu, stúku fyrir áhorfendur sem og lyftingaraðstaða í stúkuni. Búnings- og sturtuaðstaða og aðstaða til video funda í búningsklefa. Sameiginleg geymsla fyrir bolta og áhöld.	Stærri búningsklefa með töflu til þess að hafa töflufundi. Eyja í miðjunni með kæli og þvottakörfu undir óhreina tau. Skógeymslur og góða loftræstingu. Kaldan pott fyrir recovery og heitan pott inn í klefa. Sindra sjoppu fyrir leiki og selur varning frá félaginu einnig.	Búningsklefi eyrnamerkur meistaraflokkunum með læstum hirslum og skógeymslu. Líkamsrækt og aðstaða til þess að teygja, sjúkraþjálfunar herbergi/aðstaða. Herbergi fyrir videofundi og liðsfundi (mini bíosal/fyrirlestrasal).	<b>117</b> 88 grunnskóla 18 leikskóla 4 (17-20) 7 (20+)

		Ljósabúnað í loftinu. Skotvél og rými fyrir geymslu á skotvélinni.	Geymsla nógu stór til þess að geta hýst skotvél. Löglegan keppnisvöll fyrir mfl. og 3-5 yngri flokka velli. Hús líkt og á Egilstöðum þar sem væri þá hægt að halda Minni bolta mót fyrir 10-11 ára. Ákjósanlegt að völlum sé fyrir miðju og stúkur báðum megin sem rúma 350-400 manns. Led keppnistafli og skotklukkubúnað, skotklukkur í aðalkeppniskörfum. Uppdraganlegar körfur fyrir alla velli. Körfuboltaspjöld úr plexi gleri. Aðstaða fyrir fjölmiðla og sjónvarp/netútsendingar á svölum inn í íþróttahúsinu. Sér aðstaða fyrir dómara, dómarahebergi með sturtu, salerni og skápum sem hægt er að læsa.	
<b>Rafíþróttadeils Sindra</b>	Hefur afnot af 43,5 fm svæði með salerni. Herbergi fyrir þjálfara og svo opið svæði fyrir tölvurnar og iðkun rafíþróttu. Svæðið er aðeins fyrir deildina sem er mikill kostur. Þessi aðstaða er við iðnaðarsvæði og því ekki ákjósanlegt til framtíðar en frábær til þess að byggja upp starfið á næstu 3-5 árum.	Óska staða væri að aðstaða iðkenda / leikjaver væri tengt íþróttahúsi þar sem hægt væri þá að sinna hreyfingu innan starfsins, teygjum og annað og jafnvel vinna þá með styrktarþjálfara í umhverfi íþróttanna.	Miðað við áætlaðan vöxt deildarinnar væri 70 fm salur þar sem væri hægt að stilla upp leikjaveri fyrir 30 tölur. Aðstaða fyrir þjálfara að geyma dótið sitt og hafa rými til þess að taka pásur á milli æfinga.	<b>28/</b> 19 grunnskóla 2 (17-20) 5 (20+)

			Eldhúskrókur eða aðgengi að eldhúsaðstöðu. Aðgang að afreks líkamsrækt fyrir afreks iðkendur í framtíðinni sem og opið rými til að koma inn hreyfingu til iðkenda.	
<b>Sunddeild Sindra</b>	Aðstaða í kjallara sunddeildarinnar sem er opið rými og ekki læst. Engin aðstaða fyrir þjálfara	Auka buslulaug fyrir leikskólahópana okkar á sumrin. Oft mikið af fólki og gagnrýni frá fullorðnu fólki. Kannski væri lausnin "busla" fyrir fullorðna fólkið.	Aðstaða fyrir þjálfara og læst geymsla fyrir áhöld sunddeildarinnar. Innisundlaug sem myndi nýtast ung barnasundi, eldri borgurum sem og iðkendum deildarinnar.	<b>38</b> 38 grunnskóla 10 leikskóla
<b>Aðalstjórn Sindra</b>	Húsnæði með skrifstofu fyrir einn starfsmann og opið rými sem er með afmörkuð rými og skrifborð fyrir 4 þjálfara. Opið rými geymir einnig fundaraðstöða, samkomusal og lítinn eldhúskrókur. Nokkrar innan dyra geymslur, ein sem er búin lítilli fundaraðstöðu. Bílastæði við húsnæði fyrir bifreiðar félagsins.	Fundaraðstaða, lítil og stór. Skrifstofurými fyrir 2 starfsmenn og 8-10 þjálfara. Fyrirlestrasal og samkomusal þar sem hægt væri að halda úti stuðningsmanna viðburði, foreldra og iðkenda viðburði. Eldhúsaðstaða og salerni fyrir starfsmenn. Geymslu pláss og móttöku fyrir starf félagsins/skrifstofur. Bílastæði eða aðstaða fyrir bíla félagsins.		
<b>Golfklúbbur Hornafjarðar</b>	9 holu golfvöllur klubbhús og velageymsla æfingasvæði	Upphækkaða teiga á öllum brautum .Bása á æfingasvæði bönker og vipp aðstöðu á æfingasvæði golfhermi í inniaðstöðu	Laga teiga á brautum Bása á æfingasvæði Golfhermi	<b>144</b> <b>9 börn</b>
<b>Hestamannafélag Hornafjarðar</b>	Félagshesthús/reiðhöll/keppnisvöllur Félagshemili /æfingagerði	Lýsingu á svæði Hestamannafélagsins/ nýtt efni í golf Reiðahallar/ tæki til að	Reiðhöll/keppnisvöll/gott æfingasvæði/góða reiðvegi/góða Lýsingu	<b>170 þar af 38 ungmenni og börn</b>

		halda golfi reiðhalla við /nýtt dómshús við keppnisvöll		
<b>Mótorkross</b>				
<b>Klifurfélag Örnefi</b>				
<b>Umf. Máni</b>	Núverandi aðstaða er engin þar sem íþróttahúsið í Mánagarði er frátekið meiri hluta ársins undir fimleika á vegum UMFSindra. Íþróttahúsið á Höfn er þétt setið og ekki auðveldega fengist tímar þar.	Fyrir okkur er nauðsynlegt að fá aftur aðgengi að aðstöðu í Mánagarði þannig að félagið geti boðið upp á afþreyingu þar. Við sjáum fyrir okkur að öllum hagsmunaaðilum henti best að fimleikarnir fái aðstöðu á Höfn þannig að Mánagarður losni undir aðra afþreyingu. Með því væri hægt að nýta Mánagarð sem menningarhús eins og hann var í upphafi hugsaður sem. <ul style="list-style-type: none"> <li>Nice to have: Hlaupabrautin við hlið Mánagarðar væri lagfærð, hún er bæði holótt og illa farin (grasi vaxin).</li> </ul>	Aðgengi að íþróttasalnum í Mánagarði.	55
<b>Umf. Örnefa</b>	Afnot af sal í Hofgarði sem einnig þjónar margvíslegri annarri starfsemi (matsalur o.fl.)	Íþróttahús af smærri gerð, það þarf sal fyrir boltaleiki og klifurveggjum, einnig rými fyrir líkamsrækt. Að sjálfsögðu einnig búninga- og aðstöðu, WC og sturtur.	Íþróttahús með aðstöðu til að stunda líkamsrægt og sal fyrir boltaleiki	<b>Engin slík aðstaða er í boði – iðkendur myndu verða margir úr hópi íbúa/starfsmanna</b>
<b>Umf. Vísir</b>	Gras íþróttavöllur við Hrollaugsstaði, Fótboltamörk f. 7 manna bolta, fótboltar og vesti. Eitthvað af gömlum áhöldum f.	Steypt 30m langstökksbraut með gúmmimottum/tartani, kastrengir fyrir kúluvarp og kringlukast. Poolborð og	Læst áhaldageymsla. Formlega úthlutað rými í Hrollaugsstöðum fyrir starfsemi Vísir, t.d. í kjallara	<b>um 40 í knattspyrnu á sumrin 16 í bridgedeild</b>

	frjálsar íþróttir, Borðtennisborð í lamasessi.	píluspjald í kjallara Hrollaugstaða. Kastarar á ljósastaurum sem hægt er að nota til að lýsa upp hluta af íþróttavellinum.	sem er nú annars ónotaður. Steyptir kasthringir á íþróttavellinum. Borðtennisborð í lagi.	<b>7 stunda jóga</b> 7 í grunnskóla 8 börn að jafnaði til viðbótar yfir sumartíma og hátíðir.
<b>Almenn líkamsrækt</b>	Í leiguhúsnæði, 6 mán uppsagnarfrestur Mikið af rými sem er ónýtt, erfitt að breyta þar sem þetta er leiguhúsnæði Líkamsræktartæki í eigu sveitafélagsins, tækin eru orðin gömul síðan 2003 Lóð, stangir, róðravélar, hlaupabretti, hjól, skíðavélar	Nýja líkamsræktar aðstöðu fyrir almenna borgara. Að allir gætu nýtt aðstöðuna í sameiningu, crossfit, zumba, jóga, Sindri. Sér herbergi fyrir sjúkrahjálfa, nuddara, kírópraktík, sem sagt herbergi sem væru í útleigu. 2 ný hlaupabretti Einhver sem væri í afgreiðslunni allann daginn - ef líkamsrækt væri t.d við sundlaugina væri hægt að nýta starfsfólkið þar til að afgreiða. Tröppuvél Heitur pottur eftir æfingu eða jafnvel geta hent sér í sund strax eftir æfingu og ekki þurfa að skipta um húsnæði. Spinning hjól Heitur salur, sem hægt væri að nýta í mjúka endurhæfinga tíma	Húsnæði sem sveitarfélagið á sem þýðir, ný almenn líkamsrækt þar sem verktakar geta leigt gólfpláss frá bænum fyrir tíma og þjálfun. Fótapressu, nýja cable vél, nýja brjóstapressu.	<b>80 iðkendur með 12 mánaða áskrift. 90 með 1-6 mánaða kort 34 eldri borgarar Aldur frá 13-85 ára</b>

<b>Líkamsrækt /Crossfit</b>	80fm Salur 6m lofthæð 2.hæð  Mjög ábótavant : Engir búningsklefar, ekkert aðgengi fyrir hjólastóla, ekki aðgengi að köldu vatni, sprungið af sér.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• 300fm+ salur</li> <li>• 8m lofthæð</li> <li>• Búningsklefar + sturtur Upphýfinga/Lyftingabúr</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• 200fm+ Opin Salur 6-8m lofthæð</li> <li>• Aðgengi fyrir hjólastóla/fatlað</li> <li>• Aðgengi að köldu vatni</li> </ul>	<b>60-120 Meðlimir</b>  <b>60 Virkir</b>
Hugmyndir frá ungmennaráði – tekið saman á fundi ráðsins 13. 2.2023			Ef gervigras þá hita undir Fleiri líkamræktartæki í sundlaugagarð Frítt í ræktina fyrir nemendur eða a.m.k. niðurgreiða han Hreystibraut – Fimleikana út á Höfn Færa Mánagarð í Öræfin 😊 og breyta Mánagarði í menningarhús Laga fótboltavöllinn í Nesjum Laga fótboltavöllinn á Höfn Ákveða hvar íþróttahúsið á að vera – jarðvegsskipta svo hægt sé að setja nýtt gervigras og tartan. Fjölga íþróttagreinun, handbolti, bardagaíþróttir	
<b>Almennar athugasemdir: Frá Sindra</b>				

Deildir eru sammála um að búa til einhverskonar miðstöð og tengingu, íþróttamiðstöð þar sem allt íþróttastarf og lýðheilsustarf kemur saman. Áhersla er lögð á að horfa til íþróttasvæðis í heild sína og gera langtíma plan með haldbærum tímasetningum sem farið verður eftir með bestu getu. Íþróttasvæði sem þjónustar þeim fjölbreytileika sem við höfum í sveitarfélaginu. Lítum við á framkvæmdir sem eina heila framkvæmd og farið í hana á þeim forsendum. Ef byrjað er á íþróttahúsi þá finnst okkur lykilatíði að hafa það miðsvæðis, næst grunnskólanum. Þá er hægt að sameina alla aðstöðu við íþróttahúsið, eins og salernisaðstöðu, veitingasölu, aðstöðu fyrir kynna, dómara og til að sameina íþróttadeildirnar. Í dag er ekki aðstaða fyrir fatlaða við stúkuna og engin salernisaðstaða fyrir áhorfendur sem og iðkendur og þarf að huga að því.

Mikilvægt er að gerðar séu ráðstafanir varðandi búnað til upptöku og útsendingar keppnisleikja félagsins, bæði innan sem utandyra. Notast er við VEO búnað í dag sem sinnir faglegu starfi deilda sem og að þjóna samfélagslegu gildi. Foreldrar, áhugamenn og aðrir hafa tækifæri til að fylgjast með iðkendum í útileikjum og einnig heim þegar við á og teljum við þetta vera mikilvæg þjónusta sem eflir þátttöku í íþróttastarfi og lífi Sindra og sveitarfélaginu í heild sinni.

#### **Almennar athugasemdir: Frá umf Öræfa**

Þetta er góð hugmynd og hér með koma drög að svári - eins og þú veist þá getum við lagt ólíkan skilning í spurningar og svör og þess vegna getur verið að svörin verði til þess að fleiri spurningar vakni og það er líka jákvætt. Ég vona að mér fyrirgefist þó ég svári að hluta til fyrir samfélagið í Öræfum: bæði hvað varðar ungmennafélagið og fleiri.

Í Öræfum er ekkert íþróttahús, engin sundlaug og hvergi sameiginleg bað- eða búningsaðstaða.

Ungmennafélag Öræfa, UMFÖ, hefur fengið að nýta aðstöðuna í Hofgarði fyrir ýmsa starfsemi. Salurinn í Hofgarði er nýttur sem mataraðstaða fyrir Grsk. í Hofgarði og Leikskólann Lambhaga, auk þess að vera nýttur til kennslu (einkum í íþróttum). Í salnum eru því alltaf borð og stólar (mataraðstaða fyrir starfsfólk og börn), og ekki hægt að geyma þar áhöld eða tæki milli þess sem þau eru notuð fyrir aðra hópa.

Í strjálbýlinu reynum við alltaf að samnýta aðstöðu, slíkt gefur betri árangur en þegar hvert félag eða hver og einn byggir upp sér aðstöðu sem stendur svo auð inn á milli.

Klifurfélag Öræfa, KÖ, hefur fengið aðstöðu í Káraskjóli, húsi Björgunarsveitarinnar Kára í Freysnesi. Öræfadeild slökkviliðs Hornafjarðar fékk einnig aðstöðu í Káraskjóli. Slökkviliðið hefur (eftir því sem ég best man, það er meira en ár síðan ég las þessa skýrslu) gert athugasemd við það að Klifurfélagið sé með aðstöðu í húsinu, telja að aðstaða KÖ þrengi að slökkviliðinu og að það þurfi að rýma fyrir slökkviliðinu.

Skólabornin hafa fengið klifurkennslu á vegum KÖ, en klifur er vinsælt hér meðal allra aldurshópa. Við erum svo heppin að hafa mjög öflug klifrara sem hafa reglulega breytt klifurleiðunum og þar með gert klifuraðstöðuna spennandi valkost til að sækja reglulega og mér heyrir vera mikil ánægja með það að öllu leyti - NEMA hvað allir eru sammála því að þessi aðstaða á ekki heima í björgunarmiðstöðinni okkar, þar þARF að vera hægt að tryggja öryggi búnaðar björgunarsveitarinnar og slökkviliðsins og nýta rýmið í þeirra þágu. En á meðan klifurfélagið fær hvergi inni, þá hefur þetta verið leyft áfram þó það í raun sé ekki í lagi.

Okkur vantar sárlega íþróttahús. Það þarf að vera á sömu lóð og Hofgarður til að hægt sé að samnýta bílastæði og stutt fyrir nemendur að fara þangað til að sækja íþróttatíma.



Íþróttahús í Öræfum þarf ekki að vera með löglegan keppnisvöll fyrir boltagreinar og það þarf ekki að hafa áhorfendastúkur. Við þurfum ekki íþróttahús af sömu stærðargráðu og Höfn.

Við þurfum íþróttahús með rými þar sem hægt er að hlaupa og vera í boltaleik/blaki/badminton, en það þarf að hafa nægilega lofthæð í öðrum enda salarins til að þar sé hægt að setja upp góðan klifurvegg. Klifurveggurinn þarf að geta náð a.m.k. 2 metra út á gólfið því klifurleiðirnar eru auðvitað ekki lóðréttar heldur eru erfiðari leiðirnar slútandi. Það væri hægt að hafa hallandi þak þannig að lofthæðin sé meiri í þeim enda salarins sem klifurveggurinn er heldur en í hinum endanum.

Í hluta salarins þarf að vera hægt að stúka æfingatæki af (mögulega bara með netvegg, eða hafa húsið það stórt að annað rými sé fyrir líkamsræktartæki), þannig að börn slasi sig ekki á hlaupabretti/hjóli/tröpputæki/lóðum eða öðrum tækjum.

Svona aðstaða myndi nýtast skólanum fyrir íþróttakennslu, og þá myndi mögulega einnig skapast svigrúm til að nota salinn í Hofgarði sem fyrirlestraaðstöðu fyrir fjallanám FAS. Íþróttaaðstaðan myndi einnig nýtast Fjallamenskunámi FAS.

Öræfin eru vagma fjallamennsku og afþreyingarferðþjónustu sem hefur nú einnig teygst sig til sveitanna fyrir austan okkur og Hafnar. Í Öræfum væri frábært að hafa íþróttahús sem gæti þjónað starfsfólki sem vinnur í þessum geira, til viðbótar við að þjóna öðrum íbúum hér. Fyrir nokkrum árum hefði engan grunað að útvistarþjónusta við ferðafólk myndi skila svona miklum tekjum til samfélagsins eins og raunin er orðin (því fólk sem hingað kemur til að ganga á jöklum, skoða íshella, sigla á lónum o.s.frv. kaupir líka gistingu, mat og aðra þjónustu). Við sem samfélag þurfum að nýta tækifærin sem þetta gefur okkur til að efla innviðina og skapa hraustara og betra samfélag.

Það er gott að hreyfa sig úti, en veðrið á Íslandi er þannig að stundum þarf líka að vera í boði að byggja upp hraustan líkama með því að nýta aðstöðu innandyra.

Ungmennafélag Öræfa hefur endurskoðað lög félagsins því eldri lögin voru samin þegar sjálfstæðisbaráttan stóð sem hæst og því markmiði hefur verið náð (Ísland er ekki undir danskri stjórn!). Áhersla UMFÖ í dag er á því að bæta samfélagið sem við búum í. Betri aðstaða til að efla líkama og sál væri svo sannarlega mikill ávinningur fyrir UMFÖ og samfélagið allt.

**Almennar athugasemdir:**